



# Framkvæmda- fréttir 17. tbl. / 15



Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands afhenti Hreini Haraldssyni vegamálastjóra innrammaða viðurkenningu fyrir mikilvægt brauðryðjendastarf í þágu minjaverndar 4. desember sl. Með á myndinni eru tveir fyrrverandi starfsmenn Vegagerðarinnar sem mikið komu að verki við endurgerð gamla brúa, Jakob Hálfðanarson minjavörður og Baldur Þór Þorvaldsson verkfræðingur.

## Vegagerðin hlýtur viðurkenningu Minjastofnunar 2015

Áður birt á vegagerdin.is 4.12.2015

Vegagerðin varð fyrst til að hljóta nýja viðurkenningu Minjastofnunar fyrir mikilvægt brauðryðjendastarf í þágu minjaverndar. Vegagerðin hefur lagt rækt við að skrá og varðveita minjar t.d. með endurbyggingu sögulegra brúa sem viðurkenningin nú er veitt fyrir.

### Fréttatilkynning Minjastofnunar af þessu tilefni:

Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að veita Vegagerðinni sér-

staka viðurkenningu fyrir mikilvægt brauðryðjendastarf í þágu minjaverndar. Þetta er í fyrsta sinn sem slík viðurkenning er veitt eftir að Minjastofnun tók til starfa í ársbyrjun 2013. Áformað er að veita slíka viðurkenningu á hverju ári framvegis í tengslum við ársfund stofnunarinnar.

Viðurkenningin er veitt Vegagerðinni fyrir frumkvæði að varðveislu og endurbyggingu sögulegra brúarmannvirkja

*Gledileg jól*  
*gott og farsælt komandi ár*

**Útboðsvefur.is** - Opinber útboð

Vegagerðin auglýsir útboð sín á vefsíðunum *Útboðsvefur.is* og *vegagerdin.is* en ekki í þessu blaði. Verktakar eru minntir á að fylgjast vel með auglýsingum.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 17. tbl. 23. árg. nr. 657 21. des. 2015

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**

**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**

**105 Reykjavík**  
eða með tölvupósti til:  
**vai@vegagerdin.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Listi yfir fyrirhuguð útboð er birtur, greint er frá niðurstöðum útboða og einnig samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka og annarra lesenda. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur líða á milli tölu-blaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjöl-miðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



- á undanförunum árum. Vegagerðin hefur lengi lagt sérstaka rækt við að skrá og varðveita minjar um eigin starfsemi og sögu vegagerðar á Íslandi. Innan hennar vébanda starfar Vegminjasafn sem hefur það hlutverk að varðveita og miðla sögu vegagerðar á Íslandi. Safngripir á þess vegum, m.a. vélar, áhöld, tjöld og vinnuskúrar, eru varðveittir sem deild innan Samgöngusafnsins í Skógum. Auk Vegminjasafnsins hefur Vegagerðin látið gera við og endurbyggja sextán söguleg brúarmannvirki til varðveislu á sínum upprunastað.

Fá tæknileg mannvirki hafa haft meiri þýðingu fyrir íslenskt samfélag en fyrstu brýrnar sem reistar voru yfir stórfljót landsins í lok 19. aldar og á fyrstu áratugum þeirrar 20. Því er það mikils virði að tekist hefur að bjarga mikilvægum dæmum um þróunarsögu íslenskra brúarmannvirka, m.a. einu stálhengibrúnni sem eftir er frá 19. öld og fyrstu steinsteypubrúnni, sem reist var árið 1907. Sumar brýrnar lét Vegagerðin endursmíða að miklu leyti en í öðrum tilvikum voru einstakir hlutar endurnýjaðir. Markmið með endursmíðinni er tvíþætt: Að tryggja varðveislu merkra sögulegra mannvirkja og tryggja þeim nýja og verðuga notkun í tengslum við göngustíga og reiðleiðir. Í sumum tilvikum gegna brýrnar hlutverki í tengslum við áningarstaði ferðamanna, t.d. við Skjálfandaflljót hjá Fosshóli, þar sem gangan yfir gömlu stálgrindarbrúna er mikilvægur hluti af upplifun ferðafólks af gljúfrinu neðan við Godafoss. Gamlar brýr geta einnig haft varðveislugildi vegna byggingarlistar ekki síður en tækni- og samgöngusögu. Þannig er steinsteypubogabruin yfir Fnjóská við Vaglaskóg frá sjónarhóli arkitektúrs eitt formfegursta mannvirki sem reist var hér á landi á 20. öld.

### 16 brúarmannvirki sem Vegagerðin hefur látið gera við eða endurbyggja

Hvítárbrú og Jökulsárbrú hjá Hákonarstöðum eru enn opnar fyrir bílaumferð. Aðrar brýr á listanum eru í notkun fyrir gangandi vegfarendur, hjólréiða- og hestafólk.



Bláskeggsá hjá Þyrli í Hvalfirði, 7 m löng steipt bogabrá, byggð 1907, í notkun til 1951. Elsta steinsteypubogabrá landsins. Hönnun: Jón Þorláksson. Endurgerð brú vígð 2010.



Fnjóská hjá Vaglaskógi, 55 m löng steipt bogabrá, byggð 1908. Hönnun: Christiani & Nielsen. Lengsti steinbogi á Norðurlöndum um langt skeið.



Haffjarðará, 30 m löng og 2,80 m breið steipt bogabrá, byggð 1912. Í notkun til 1965. Endurgerð 2011.



Kaldakvísl í Mosfellsbæ, 19,3 m löng steipt bogabrá, byggð 1912. Lagfærð 1986.



Bakkaá á Tjörnesi, 5,5 m löng steipt bogabrá, byggð 1927.



Hvítá hjá Ferjukoti, Borgarfirði, 106 m löng steipt bogabrá með tveimur bogum, byggð 1928. Hönnun: Árni Pálsson. Endurgerð 2001.



Örnólfsdalsá hjá Norðtunga, 33 m löng hengibrú, byggð 1899. Hönnun: Windfeld Hansen / Sigurður Thoroddsen. Eina varðveitta brúin frá 19. öld.



Jökulsá á Brú, hjá Hákonarstöðum á Jökuldal, 27,4 m löng grindarbitabrá + landhaf, byggð 1908. Gerð upp 2008. Stálvirkið var framleitt í Ameríku.



Vesturós Héraðsvatna, 113 m löng steipt bitabrá í 7 höfum, byggð 1925. Reið- og göngubrá. Endurgerð 1995.



Ormsá í Hrítafirði, 22,3 m löng bogabrá, byggð 1929. Í notkun til 1983. Endurgerð 2010.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda 14. desember 2015. Búið er að sprengja samtals 4.609 m sem er 64% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: [www.vadlaheidi.is](http://www.vadlaheidi.is)





Skjálfafljótið hjá Fosshóli, 71 m löng stálgrindarbrú, byggð 1930. Var í notkun til 1972. Kom í stað eldri brúar frá 1883.



Geithúsaá í Reyðarfirði, 18 m löng, bitabrá, byggð 1935 á stöplum timburbrúar frá 1905.



Botnsá í Hvalfirði, 22 m löng steipt bitabrá, byggð 1932, lagfærd 1985.



Tunguá í Skutulsfirði, 10 m löng steipt bitabrá byggð 1940.



Hítará, gamlar undirstöður frá 1905. Ný yfirbygging 2008.



Jökulsá á Dal hjá Fossvöllum, 26 m steipt bogabrá, byggð 1931. Í notkun til 1994.

## Ríkiskaup og Vegagerðin endurnýja samstarfssamning

Áður birt á vegagerdin.is 13.11.2015

Vegagerðin og Ríkiskaup hafa endurnýjað samstarfssamning sinn um verklag við innkaupaþjónustu sem Ríkiskaup veita Vegagerðinni. Auk þjónustu samkvæmt lögum og reglum þar um mun Ríkiskaup veita samkvæmt samningnum sértæka innkaupa- og ráðgjafarþjónustu sem er á sérsviði Ríkiskaupa og sem Vegagerðin óskar eftir.

Um er að ræða til dæmis þátttöku í rammasamningskerfi

Ríkiskaupa, útboð og innkaup á efni og búnaði, verðfyrirspurnir, útboð á þjónustu, innkaup á efni og búnaði héraðs og erlendis og innkaup á bifreiðum samkvæmt bifreiðasamningi ríkisins.

Samstarf verður um þróunarverkefni sem varða ýmsa þætti innkaupamála svo sem þróun Rammasamningakerfis ríkisins og verklag þar að lútandi, um rafræn innkaup og rafræn útboð.



Bökugarður á Húsavík 26. ágúst 2015.

## Niðurstöður útboða

### Húsavík, Bökugarður, lenging stálþils 15-054

Tilboð opnuð 8. desember 2015. Hafnarsjóður Norðurþings óskaði eftir tilboðum í lengingu stálþils við Bökugarð á Húsavík.

Helstu verkþættir og magntölur eru:

Þilskurðar, lengd um 94 m.

Steypa 36 ankersplötur.

Reka niður 76 tvöfaldar stálþilspötur.

Jarðvinna, fylla upp fyrir innan þil um 13.500 m<sup>3</sup> og grjótröðun við enda þils.

Steypa um 106 m langan kantbita með pollum, kanttré, stigum og þybbum.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 16. júní 2016.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3	Hagtak ehf., Hafnarfirði	188.690.250	149,5	31.585
2	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	181.007.950	143,4	23.903
1	LNS Saga ehf., Kópavogi	157.104.885	124,5	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	126.219.260	100,0	-30.886



Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Halldór Ó. Sigurðsson forstjóri Ríkiskaupa undirrita samstarfssamninginn um verklag við innkaupaþjónustu sem Ríkiskaup veita Vegagerðinni.



## Vegorðasafnið á netinu

Vegorðasafnið er gagnagrunnur í gagnvirkri vefútgáfu á slóðinni: <https://vegordasafn.vegagerdin.is/> og á ytri vef Vega-gerðarinnar á slóðinni:

<http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/vegordasafn/>

Í orðasafninu eru nú liðlega 1.700 íðorð en takmarkið er að það innihaldi öll helstu íðorð sem notuð eru í vegagerð. Orðasafnið er þannig gert að sérhvert hugtak er skilgreint í stuttu máli en að auki fylgir nánari skýring ef þurfa þykir. Í mörgum tilfellum eru birt ensk og norsk íðorð sömu merkingar. Auðvelt er að leita í orðasafninu, hvort heldur er að skilgreiningum á einstökum hugtökum eða að sérhverju orði sem þar kemur fyrir. Íðorðum í safninu er skipt í 11 efnisflokka og leit er hægt að takmarka við hvern þeirra. Orðasafnið er ætlað öllum þeim sem vinna að vegagerð og einnig öllum almenningi til fróðleiks.

Nefnd um vegorðasafn hlítir forystu Gunnars Bjarnasonar, en auk hans sitja í nefndinni Ásbjörn Jóhannesson, Eymundur Runólfsson, Kristján Kristjánsson og Sigurður Björn Reynisson. Vinna nefndarinnar hófst árið 2011 með því að skrá í gagnagrunn og yfirfara hugtök sem Orðanefnd byggingarverkfræðinga hafði skilgreint, aðallega á nýfunda áratug síðustu aldar. Nefndin hefur síðan 2011 unnið ótullega

að skilgreiningu og skýringu hugtaka sem varða vegagerð og hefur hugtökum í safninu fjölgað mikið á þessum árum. Ætlunin er að vinna við vegorðasafnið haldi áfram á næstu árum enda eru verkefnið að sjálfsgöðu næg nú á tímum mikilla tækniframfara.

Sum orð kunna að hafa fleiri merkingar en þá sem felst í skilgreiningu orðasafnsins. Í mörgum tilfellum er aðeins sú merking tekin með sem er notuð í vegagerð. Í flestum tilfellum voru skilgreiningar í lagabálkum látnar halda sér, stundum þó lagaðar að almennu orðfæri. Einnig var skilgreiningum úr Íslenskri orðabók (Edda útgáfa, 2007) oft gert hátt undir höfði, en voru stundum lagaðar að notkun orðsins í vegagerð.

Það er von nefndarinnar að orðasafnið muni koma vegagerðarmönnum og öllum almenningi að góðum notum við vinnu sína. Fólk er hvatt til að senda athugasemdir um það sem betur má fara í orðasafninu til Gunnars Bjarnasonar, tölvupóstfang: [gby@vegagerdin.is](mailto:gby@vegagerdin.is).

Grétar Óli Sveinbjörnsson og Sigurður Björn Reynisson skrifuðu vefsíðu orðasafnsins í Oracle apex þróunarumhverfi.

### Sýnishorn fremst úr orðasafni

**aðalverktaki** verktaki sem felur öðrum verktökum, einum eða fleiri, að framkvæma hluta verks sem hann hefur tekið að sér

**aðfangaeftirlit** (n: rávarekontroll) mælingar á tilteknum eiginleikum aðfanga og samanburður niðurstaðna við kröfur

**aðfylling** (e: backfill n: bakfylling) sá hluti vegfyllingar, sem leggst að öðru mannvirki

**aðgerðarheflun** endurmótun rása og vegyfirborðs

**aðkomuhorn** (n: kryssvinkel)

hornið sem vegirnir skerast undir

**aðkomusteinn** (e: erratic, erratic block n: flyttblokk, erratic block) stór steinn, sem jökull, jökulá eða ísjaki hefur flutt, þangað sem hann er

**aðrein** (e: merging lane n: þákjöringsfelt) sér akrein meðfram akbraut, til að auðvelda aðkomandi ökutækjum að komast inn í aðalumferðarstraum

**aðskilnaður kornastærða** verður þegar mismunandi kornastærðir, í blöndu steinefna með mikilli breidd í kornastærðum, greinast hver frá annarri þannig að sáldurferill verður ólíkur á mismunandi stöðum t.d. í efnishaugum eða í lagi veghlots Þetta getur m.a. gerst þegar steinefni hrynur niður halla í efnishaugum eða velkist til undir umferð í vegi.

**aðsópssvæði** það svæði í grennd við snjóflóðafarveg sem skefur af inn á upptakasvæðið

**afhendingarúttekt** úttekt mannvirkis fyrir afhendingu í rekstur

**afhlaup** (n: tenning) athöfnin að virkja hvellhettur sprengiefnis í borholum. ■



Standandi frá vinstri : Gunnar Bjarnason, Sigurður Björn Reynisson og Kristján Kristjánsson. Sitjandi: Eymundur Runólfsson og Ásbjörn Jóhannesson.



Vestfjarðavegur (60) á Bröttubrekku sunnanverðri. Gamla myndin (Geir G. Zoëga) er líklega tekin stuttu eftir 1930 en það ár var brú byggð á Bjarnardalsá nokkru neðar. Nýja myndin er tekin í lok ágústmánaðar 2015.



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
15-085 Norðfjarðargöng: Stjórnkerfi	2015
15-056 Álftanes, sjónvörn 2015	2015
15-053 Harðviður 2015	2015
15-050 Landeyjahöfn, dælulögn og dæla,	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
Engin útboð eru nú í auglýsingu	
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
15-054 Húsavík, Bökugarður, lenging stálþils	23.11.15 08.12.15
15-057 Siglufjörður, endurbygging Bæjarbyggju, stálþilsrekstur	19.10.15 03.11.15
15-086 Dalvíkurbyggð, sjónvörn 2015	14.09.15 29.09.15
15-068 Leiga á íbúðarhúsi á Stórhöfða, Vestmannaeyjum	26.06.15 14.07.15
Samningum lokið	Opnað: Samið:
15-084 Efnisvinnsla við Sæluhúsaæðir við Kaldadalsveg (550) Króksverk ehf., kt. 460482-0979	22.09.15 06.11.15
15-033 Endurbætur á Biskupstungna-braut (35) sunnan Reykjavegar Suðurtak ehf., kt. 561109-0790	29.09.15 23.11.15
15-087 Ráðgjöf og eftirlit með vetrarþjónustu á Suðursvæði 2015-2017 Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas kt. 420187-1499	06.10.15 05.11.15
115-083 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, eftirlit Verkís hf. kt. 421871-1499	06.10.15 30.10.15

## CEDR

CEDR stendur fyrir *Conference of European Directors of Roads* og eru samtök yfirmanna vegagerða í Evrópu. Samtökin voru stofnuð 2003 og Vegagerðin hefur verið aðili frá upphafi. Hlutverk samtakanna er að vera vettvangur fyrir samstarf og stuðla að framförum í vegamálum í Evrópu. Nánar tiltekið er hlutverk CEDR:

- að bæta umferð og vegi sem þátt í öllum samgöngum með tilliti til sjálfbærni varðandi félagslega, fjárhagslega og umhverfislega þætti.
- að stuðla að persónulegum samskiptum milli yfirmanna vegagerða og starfslíðs þeirra.
- að búa til vettvang til að skiptast á upplýsingum og bregðast við sameiginlegum vandamálum.
- að taka þátt í þróun málefna sem snerta vegamál innan Evrópusambandsins.

Starfsemi CEDR er þannig háttað, að vegamálastjórar aðildarlandanna sitja í yfirstjórn, Governing Board (GB), og aðstoðarvegamálastjórar, eða aðrir tilnefndir, í framkvæmdastjórn, Executive Board (EB). Hreinn Haraldsson hefur setið í GB síðan 2008 og undirritaður í EB síðan 2003.

Starfseminni er skipt í fjögurra ára verkefnatímabil og eru u.þ.b. 20 verkefni undir á hverju tímabili. Sérfræðingar frá aðildarlöndunum taka þátt í þessum verkefnum og er þeim gert skylt að skila lokaskýrslu eigi síðar en í enda hvers tímabils. Hlutverk EB er m.a. að fylgja verkefnavinnunni eftir og sjá til þess, að skil séu gerð. Öll ákvarðanatöku fer fram í GB eftir undirbúning og tillögugerð í EB. GB heldur tvo fundi á ári og EB þrjá.

Allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu CEDR, [www.cedr.eu](http://www.cedr.eu). Þar má m.a. finna allar þær skýrslur sem verkefnahóparnir hafa skilað undir hliðarstikunni Site Map og þar undir Publications.

Gunnar Gunnarsson



Dettifossvegur (862), Ásheiði - Tóveggur, 10. nóvember 2015.